

Fundur 12. janúar 2021

Mættir á fundinn: Jóhannes, Sólveig, Guðmundur, Svala, Svanborg, Kristinn, Tóbías, Guðný sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

- skólastarf næstu vikurnar - <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=72703eb0-47b7-4de1-8723-5ef869658e81>
- rekstraráætlun 2021
- drög að skóladagatali 2021-2022
- opinn fundur skólaráðs – leiðir?

Guðmundur deilir skjali um reglugerð sem gildir 1. jan - 28. feb 2021. sem segir til um hvernig skólastarfi sé háttað á þessum tíma vegna Covid19. Guðmundur talar um hvernig þetta er hjá okkur t.d. af hverju við erum ekki búin að vera að kenna list- og verkgreinar en það var vegna þess að við þurftum að dreifa starfsmönnum á kaffistofur. Vorum með 7 en erum núna með 3. Við þurfum að færa til hópaskiptingar í list- og verkgreina svo allir nemendur fá sem mest út úr þessu. Valfög á unglingastigi breytast 1. feb.

Nemendur þrifa borð í lok tímans en skólaliðar auka þriffin. Við erum á tánum og bregðumst við því sem kemur upp á. Við þurfum að taka 2 skólaliða af útvöktum tvisvar í viku en það er allt í lagi því þær voru vel mannaðar. Kennarar get nú farið á vinnuherbergið.

Matartímar hjá nemendum orðnir eðlilegir nema hjá 3. bekk þar fá þau matinn sendan upp í bökkum. Við höfum bil á milli árganga í matsal alltaf tveir árgangar í einu nema hjá unglingunum þar eru þeir 3 en sjaldnast allir í mat í einu. Frístund orðin eðlileg og er komin í þær stofur sem þau voru með fyrir covid töflur.

Aðgangur að húsnæðinu er þannig að ef þörf er á að einhver komi inn þá þarf að taka á móti honum í anddyri og passa upp á að hann sé með grímur. Kennarar mega fara heim að lokinni kennslu.

Guðmundur spyr kennara hvernig þetta hafi gengið í gær. Kristinn talar um að þetta gangi vel. Svala talar um að það sé sama hjá sér og Svanborg segir að nemendur á unglingastigi séu bjartsýn. Guðmundur segir að við séum alltaf á tánum gagnvart þessu.

Guðmundur varpar upp fjárhagsáætlun ársins 2021 heildartalan þar núna er 744.582.375 kr. og fer aðeins yfir það sem er fast. Jóhannes spyr hvort að við höfum verið undir eða yfir síðasta ár. Staðan núna er ca. 2,9 milj. í mínus. en það er ekki endarlegt. Það á eftir að taka tillit til ýmissa þátta.

Jóhannes spyr um námsgögn til skólana. Sá liður er komin á skólana var á bænum. Liður um námsskeið hefur alltaf verið hærri þar sem við höfum verið að setja skólagjöld nemenda sem sækja MK.

Kristinn spyr um hvað sé inni í tölvukostnað lykils. Þar er tölvukostnaður lykill sem er bara sett inn á og tekið aftur út. PC tölvurnar. Kristinn talar um matarreikninginn er það það sem foreldrar borgi. Guðmundur segir að bærinn leggi út fyrir þessum lið og rukka síðan foreldra að hluta til. Stórutölvurnar eru fastar sem við höfum ekkert um að segja.

Guðmundur ræðir drög að skóladagatali 2021 - 2022 (deilir skjali).

Smá breytingar sem hafa orðið frá því að skólaráðið fékk þetta sent. Verið er að ræða um foreldradagana með kennurum.

6 dagar í upphaf skólaárs í undirbúning og 2 í lok árs í frágang. Skólasetning 24 ágúst. vetrarleyfi á svipuðum stað eins og hefur verið. Samræmd próf eru á svipuðum tíma og hefur verið. Skipulagsdagar eru 5. 3 þeirra eru ákveðnir í heild. 18.nóv, 16. mars, 16. maí. 2 þeirra eru samræmdir með Kársnesinu en þeir verða 3. janúar og 8. október. Annað er með hefðbundnum hætti. Staðsetning foreldradaga var set í kosningu hjá kennurum og eru þær komnar inn á skóladagatalið.

Jóhannes stingur upp á því að hafa vetrarleyfið í heilu lagi helst fyrir áramót. Guðmundur fór með það inn á fund skólastjóra en það var fellt. Jóhannes og Agnes óska eftir því að hafa foreldraviðtöl hjá vetrarleyfi til 22. október. Guðmundur spyr kennara hvernig þeim lýst á að færa foreldraviðtalið fram að vetrarfríð. Svanborg ræðir um að umræðan í unglingadeildin hafi verið að ræða um að foreldradaginn væri erfiður alveg við vetrarleyfi. Um að gera að skoða breytingar. Kristinn ræðir um að það sé gott að dreifa viðtölum svo kennarar séu ekki búnir á því í síðustu viðtölunum. Almennu eru allir ánægðir með meet foreldrafundi þar sem þau komu vel út í haust. Allt stefnir í að foreldraviðtöl verði með þeim hætt á vorönn. Í Lindaskóla fá umsjónarkennarar að taka viðtölin eftir kennslu. Það hefur ekki verið gefið leyfi til annarra skóla í Kópavogi. Svanborg ræðir um útfærslur í skólum í nágretta sveitafélögum.

Sólveig talar um að opna skólana meira fyrir fjölskylduna svo nálgun á list og verkgreinakennurum og fleirum verið betri.

Guðmundur talar um að við gefi okkur tíma til að ræða þetta innanhús.

Guðmundur ræðir um möguleika á opnum fundi skólaráðs. Spyr hvort að fólk hafi séð umræðu um Hamraborgar svæðið. Við ættum að taka fund í lok febrúar þar sem rætt verði um nærumhverfi skólans með uppbyggingu hverfis í huga ca. 700 íbúðir að rísa nálægt skólanum. Þar væri fulltrúi bæjarins til að ræða tímasetningar og uppbyggingu skólans. Þetta er rísa mál. Jóhannes ræðir um að það sé fundur 14. janúar á netinu.

Sólveig ræðir um að við ættum ekki að vera hikandi við að hafa fjarfund. Guðmundur talar um að við ættum þá að fara í það undirbúa þann fund. Ef foreldrar eða skólans vilja gera athugasemdir þá væri gott að hafa þennan fund fyrir þann tíma t.d. í lok febrúar.

Guðmundur segir frá því að það hafi verið bein útsending úr salnum okkar á jólaskemmtum. Margt sem breytist á þessum tímum. Guðmundur talar um að setja upp hugmyndir og senda á skólaráðið.

Guðmundur spyr Tóbías hvernig þetta leggist í nemendur. Tóbías segir að hann sé bara góður og að hann haldi að nemendur séu sáttir en væru alveg til í að vera búnir 12:20.

Guðmundur ræðir um verkefni sem bærinn er að fara í með sálfræðingum skólana sem myndu bjóða nemendum í 10. bekk að panta tíma hjá henni.

Guðmundur spyr Kristinn um það hvernig heimasíðan hjá 7. bekk hefur verið að virka. Kristinn sýnir síðuna og hvað það er sem þau eru að setja inn á. Guðmundur ræðir um að öðrum kennurum lýst ágætlega á þessa leið. Jóhannes segir að þessi síða sé mjög góð.

Guðmundur spyr hvort það sé eitthvað sem fundarmenn vilji ræða um.

Engin önnur mál rædd á fundinum.

Fundi slitið 8:58